

GJALDSKRÁ

fyrir Skagafjarðarveitur, vatnsveita.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsgjald árlega. Sama á við um aðrar fasteignir utan lögsagnarumdæmisins sem fá vatn úr kaldavatnskerfum Skagafjarðarveitna.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamati.

3. gr.

Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamati.

Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera kr. 43,05 pr. rúmmetra og hámarksgjald kr. 51,41 pr. rúmmetra.

4. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Skagafjarðar ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5. gr.

Notkunargjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimta samkvæmt rúmmetramæli sem Skagafjarðarveitur leggja til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera 30,01 kr. pr. rúmmetra.

6. gr.

Mælaleiga.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Vatnsmælar DN 40 og minni	30,62 kr. á dag
Vatnsmælar DN 50 til DN 80	61,34 kr. á dag
Vatnsmælar DN 100 til DN 150	122,67 kr. á dag

7. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Skagafjarðarveitna við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af Skagafjarðarveitum.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðar- gjald kr.:	145.794	178.700	228.192	284.727	355.888

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm eru reiknuð út hjá Skagafjarðarveitum.

Nr. 1215

13. desember 2017

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.

Verðlagning.

Veitunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. gr. í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta ár á eftir. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísítölum 1. nóvember 2004, 303,9 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 13. desember 2017, samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 sem tóku gildi 7. maí 2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað, jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis sem samþykkt var af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 14. desember 2016.

Sauðárkróki, 13. desember 2017.

Ásta Björg Pálmadóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. janúar 2018